

Föstudaginn 23. júní 1989.

Nr. 236/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Vilborgu Yrsu Sigurðardóttur.

Kærumál. Kæruheimild. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttar-dómari.

I.

Með úrskurði sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 3. júní 1989 var varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 föstudaginn 16. júní, en hún er grunuð um brot gegn lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, og reglugerð nr. 16/1986, um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna. Með bréfi 15. júní krafðist lögreglustjórnin í Reykjavík þess, að gæsluvarðhald varnaraðila yrði framlengt allt til kl. 15.00 laugardaginn 15. júlí 1989. Krafa þessi var lögð fram kl. 9 árdegis 16. júní í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldinn var af Bjarna Stefánssyni fulltrúa. Kl. 11 mætti í réttinum Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður, sem verið hafði réttargæslumaður varnaraðila. Að ósk hans var hann nú skipaður verjandi varnaraðila. Fór hann þá fram á, að hann fengi frest þar til kl. 19 um kvöldið til að skila skriflegri greinargerð í málinu, enda myndi hann skila henni fyrr, ef unnt reyndist. Dómari féllst á að veita þennan frest. Varnaraðili var síðan færð fyrir dóminn til yfirheyrslu, er lauk kl. 12.58. Var hún þá færð í geymslu um sinn samkvæmt ákvörðun dómara. Síðan var bókað:

„Samkvæmt ákvörðun dómara verður Vilborg Yrsa í geymslu í Síðumúlafangelsi allt að kl. 11.48 17. júní 1989 með vísan í 66. gr. laga nr. 74/1974.

Verjandi óskar, að bókað verði, að hann mótmæli framan- greindri ákvörðun dómara, og krefst þess, að Vilborg verði látin laus kl. 15 í dag, 16. júní, sbr. úrskurð réttarins frá 3. júní sl. Nefndur verjandi kveður 66. gr. laga nr. 74/1974 ekki veita heimild til að svipta sakaðan mann frelsi sínu, á meðan fjallað er um kröfu

um framlengingu gæsluvarðhaldsúrskurðar. Vilji ákærvald, að slík krafa sé til lykta leidd, áður en gæsluvarðhaldsfangi er látinn laus, verður það að gera kröfu um framlengingu svo tímanlega, að um hana verði fjallað og úr henni skorið fyrir umræddan tíma.

Dómari lætur þess getið, að ofangreindur frestur sé áskilinn til að taka innan lögboðinna tímamarka ákvörðun um fram komna gæsluvarðhaldskröfu, og muni dómari í því sambandi nýta sameiginlega frest með verjanda, sem að ofan greinir.

Nefndur verjandi óskar eftir, að dómari taki afstöðu til kröfunnar um, að sakborningur verði látinn laus kl. 15.00 í dag, og tekur fram, að hann telji ekki þörf á formlegum úrskurði í því efni, heldur nægi, að ákvörðun dómara sé bókuð í þingbók.

Dómari áréttar það, sem hér að ofan er bókað, um frest vegna fram kominnar kröfu um framlengt gæsluvarðhald, og staðfestir þar með, að gæslufanginn muni ekki ganga laus kl. 15.00 í dag.

Nefndur verjandi óskar þá eftir með vísan til 172. gr., 10. t.l., l. nr. 74/1974 að kæra þessa ákvörðun dómara til Hæstaréttar Íslands. Um ástæður kærunnar vísast til framangreindrar bókunar.

Dómari lætur þess getið, að hann telji þessa kæru hvorki fresta né breyta þeirri ákvörðun, sem að ofan er lýst, um geymslu gæslufangans.“

II.

Kærumál þetta barst Hæstarétti 19. júní 1989. Í greinargerð skipaðs verjanda varnaraðila, sem barst Hæstarétti 21. júní, er þess krafist, að ákvörðunin verði felld úr gildi og að ákveðið verði, að varnaraðili skuli látinn laus þegar í stað.

Til rökstuðnings kröfum sínum vísar verjandi til bókunar þeirrar, sem að framan er rakin, og mótmælir sérstaklega þeirri túlkun 66. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, að hún feli í sér „heimild til að halda gæslufanga í allt að 24 klst. fram yfir úrskurðaðan gæsluvarðhaldstíma, ef fram kemur krafa af hálfu ákærvalds um framlengingu gæsluvarðhalds, áður en tíminn rennur út“. Kjarni málsins sé sá, að kröfu um framlengingu gæsluvarðhalds verði að gera „svo tímanlega, að úr henni sé unnt að skera, áður en gæsluvarðhaldstími rennur út“.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að kærumáli þessu verði vísað frá Hæstarétti. Í greinargerð rikissaksóknara, sem barst Hæstarétti 21. júní, segir m.a.:

„Varnaraðili var án undandráttar leidd fyrir dómara, er lögð hafði verið fram krafa um framlengingu gæsluvarðhalds, og gæsluvarðhaldsúrskurður kveðinn upp innan þess frests, er getur í 65. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, og 66. gr. laga nr. 74/1974, sbr. Hrd. 1976, 524. bls., og 1986, 566. bls. Var dómara og rétt, eins og hér stóð á, að kveða á um geymslu varnaraðila, uns úrskurður félli. Ákvörðun dómara um þetta efni verður eigi kærð til Hæstaréttar á grundvelli hins almenna ákvæðis 172. gr., 10. tl., laga nr. 74/1974, sbr. Hrd. 1988, 5. bls. Aðili getur hins vegar kært til æðra dóms úrskurð um handtöku, varðhald og aðra gæslu á sökunaut, sbr. 1. og 3. tölul. 172. gr. laga nr. 74/1974. Hefur úrskurður dómsins, sem kveðinn var upp 16. þ.m., um gæsluvarðhald varnaraðila frá kl. 15.00 16. þ.m. til kl. 15.00 miðvikudagsins 12. júlí nk. verið kærður til Hæstaréttar Íslands, sbr. Hæstaréttarmál nr. 239/1989.“

III.

Í 172. gr. laga nr. 74/1974 segir meðal annars: „Aðili getur kært til æðra dóms: ... 3. Úrskurð um varðhald og aðra gæslu á sökunaut og tryggingu. ... 10. Ákvörðun um önnur efni, er varða rannsókn máls eða meðferð fyrir dómtöku þess og líkt er farið.“

Varnaraðili var í gæsluvarðhaldi. Krafa um framlengingu þess var lögð fram í dómi, áður en því skyldi lokið. Skipaður verjandi varnaraðila óskaði frests til greinargerðar. Dómari veitti þann frest og tók sér um leið frest til að taka afstöðu til kröfunnar, enda gögn málsins umfangsmikil.

Ákvæði 172. gr., 10. töluliðar, laga nr. 74/1974 veitir eigi heimild til að kæra sérstaklega til Hæstaréttar ákvörðun héraðsdómara um gæslu á varnaraðila, eftir að krafa um gæsluvarðhaldsúrskurð hafði verið lögð fyrir hann, enda bar honum innan sólarhrings að leggja rökstuddan úrskurð á kröfuna, sbr. 66. gr. laga nr. 74/1974. Sá úrskurður hefur samkvæmt 3. tölulið 172. gr. sömu laga verið kærður til Hæstaréttar, og má í því kærumáli hafa uppi málsástæður, er lúta að ákvörðun um gæslu varnaraðila, sbr. dóm Hæstaréttar 18. mars 1986 í málinu nr. 96/1986. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.